

Persónuvernd leysir Tölvunefnd af hólmi

Stjórnar-
frumvarp um
persónu-
vernd og
meðferð
persónu-
upplýsinga
lagt fram rétt
fyrir jól

SKÖMMU ÁÐUR EN ALÞINGI fór í jólafrí lagði Sólveig Pétursdóttir dómsmálaráðherra fram stjórnarfrumvarp til laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ekki náðist að mæla fyrir frumvarpinu og bíður því nánari kynning og umræða þess að þing komi saman að nýju sem verður nú í febrúar. En ljóst er að efni frumvarpsins boðar veigamiklar breytingar á allri umgjörð þeirrar starfsemi sem háð er leyfi Tölvunefndar.

Forsaga þessa frumvarps er sú að í október 1995 gaf Evrópusambandið út nýja tilskipun um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Snemma árs 1996 skipaði dómsmálaráðherra þrjá fulltrúa í nefnd til að endurskoða lög nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga en þeir voru: Þorgeir Örlygsson þáverandi formaður Tölvunefndar, Sigrún Jóhannesdóttir framkvæmdastjóri Tölvunefndar og Þorsteinn A. Jónsson þáverandi skrifstofustjóri í Dómsmálaráðuneytinu. Auk þess var Kristján Andri Stefánsson deildarstjóri skipaður af Forsætisráðuneytinu.

Nefndin lauk störfum 1. október 1998 og afhenti dómsmálaráðherra tillögur sínar í frumvarpi sem er í öllum meginatriðum samhljóða því sem nú hefur verið lagt fram.

Sjálfstæð ríkisstofnun

Ljóst er að frumvarpið hefur í för með sér verulegar breytingar á öllu eftirliti með skráningu persónuupplýsinga og meðferð þeirra. Í stað Tölvunefndar sem starfað hefur undir forsjá Dómsmálaráðuneytisins verður til ný stofnun, Persónuvernd, sem hefur fullt sjálfstæði eins og aðrar ríkisstofnanir.

Í öðru lagi eru gerðar breytingar á gildissviði laganna. Hugtakið *persónuupplýsingar* felur nú í sér „sérhverjar persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar, það er upplýsingar sem tengja má beint eða óbeint við einstakling“. Frumvarpið nær einnig til „sérhverrar rafrænnar vinnslu persónuupplýsinga án tillits til þess hvort afmörkuðum upplýsingum er safnað í skipulagsbundna heild eða ekki, en tekur hins vegar því aðeins til handunninnar meðferðar persónuupplýsinga að þær séu eða eigi að verða hluti af skrá,“ eins og segir í skýringum með frumvarpinu.

Í þriðja lagi verður sú grundvallarbreyting á vinnubrögðum að í stað þess að sá sem hyggur á vinnslu persónuupplýsinga sæki um leyfi til Tölvunefndar skal hann að lögnum samþykktum tilkynna hinni nýju stofnun hvað hann hyggist fyrir. Í tilkynningunni eiga að koma fram allar upplýsingar um það hvernig hann hyggst haga vinnslunni.

Persónuvernd tekur síðan afstöðu til þess hvort og þá hvernig stofnunin mun fylgjast með vinnslunni.

Með þessu móti er ábyrgð þess sem vinnur með persónuupplýsingar aukin og honum gert að viðhafa innra eftirlit sem tryggi öryggi og gæði þeirra upplýsinga sem unnið er með. Persónuvernd getur stöðvað vinnsluna ef stofnunin telur að ekki sé farið rétt að og jafnvel beitt dagsektum ef ábyrgðaraðili fer ekki að fyrirmælum hennar. Einnig er gert ráð fyrir að „Persónuvernd gegni þýðingarmiklu hlutverki við að leiðbeina þeim um persónuvernd sem ráðgera að vinna með persónuupplýsingar eða þróa kerfi fyrir slíka vinnslu. Er í því sambandi m.a. haft í huga að stofnunin aðstoði við gerð starfs- og siðareglna fyrir einstaka hópa og starfsstéttir...“ eins og segir í greinargerð.

Aukinn réttur hins skráða

Í frumvarpinu eru mörg ný ákvæði sem ætlað er að auka réttindi hins skráða og gera hann færari um að gæta réttar síns. Þetta er gert með þrennum hætti:

„Í fyrsta lagi með því að ábyrgðaraðila er að eigin frumkvæði gert skylt að framkvæma ýmsar ráðstafanir sem hafa það að markmiði að tryggja að hinn skráði geti nýtt sér réttindi sín samkvæmt lögnum. Dæmi um þetta eru ákvæði ... þar sem sú skylda er lögð á ábyrgðaraðila að veita hinum skráða fræðslu um tiltekin atriði þegar safnað er upplýsingum um hann.

Í öðru lagi eru hinum skráða veitt nokkur ný eða rýmkuð réttindi sem hann verður sjálfur að hafa frumkvæði að nýta sér ...

Í þriðja lagi felst í því réttaröryggi fyrir almennung að Persónuvernd skal ... halda skrá yfir alla þá vinnslu sem henni er tilkynnt um ... og vinnslu sem hún heimilar ... skrá þessi skal vera aðgengileg almennungi. Er það Persónuverndar að ákveða hvernig það verður gert og kemur mjög til álita að skráin verði m.a. aðgengileg á netinu,“ segir í greinargerð.

Ljóst er að hér eru lagðar til umtalsverðar breytingar á öllu starfsumhverfi þeirra sem vinna með persónuupplýsingar. Í þeim hópi eru allir sem vinna að læknisfræðirannsóknnum og er því full ástæða til að hvetja lækna til að fylgjast vel með umræðum sem verða munu um þetta frumvarp á vormánuðum.

—DH

Stjórnarfrumvarpið um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga má nálgast á vefsíðu Alþingis: www.althingi.is